

leiklist



leiklist

Þetta eru nemendur 3. bekkjar í Leiklistarskóla Íslands, sem flytja ljóð Halldórs Laxness í Norræna húsinu. Ljósmynd —

Endurtekið vegna mikillar aðsóknar:

Ó, hve létt er þitt skóhljóð

Vegna mikillar aðsóknar verður dagskráin úr ljóðum Halldórs Laxness, „Ó, hve létt er þitt skóhljóð“, sem nemendur 3. bekkjar Leiklistarskóla Íslands frumfluttu sl. sunnudag, endurtekin í þriðja sinn á morgun, föstudag 23. apríl, kl.

20.30 í Norræna húsinu. Fyrirhuguð er fjórða sýning í Norræna húsinu laugardaginn 1. maí kl. 17.00.

Aðgöngumiðar á dagskrána eru seldir í Norræna húsinu og kosta kr. 50.

Don Kíkóti

Don Kíkóti hefur undanfarið verið sýndur í Alþýðuleikhúsinu við mjög góðar undirtektir áhorfenda, svo og einróma lof gagnrýnenda. En nú fækkar sýningum og eru aðeins ráðgerðar tvær sýningarhelgar í viðbót sökum leikferðar Alþýðuleikhússins með sýninguna „Elskaðu mig“, en sama fólk vinnur að miklu leyti við báðar þessar sýningar.

Næstu sýningar á Don Kíkóta verða í dag, sumardaginn fyrsta, og n.k. laugardag, 24. apríl. Báðar sýningarnar hefjast klukkan hálf níu.



Arnar Jónsson leikur Don Kíkóta — sníldarlega segja allir gagnrýnendur. Hér er hann í hlutverki sínu ásamt Sif Ragnhildardóttur.

Súrmjólk með sultu í dag

Alþýðuleikhúsið sýnir barnaleikritið „Súrmjólk með sultu“ í Hafnarbíói í dag, sumardaginn fyrsta 1982. Sýningin hefst kl. fimm síðdegis.

Aukasýning á Elskaðu mig

Alþýðuleikhúsið sýnir „Elskaðu mig“ eftir dönsku skáldkonuna Vítu Andersen á morgun föstudag kl. 20.30 vegna fjölda áskorana. Annars er leikhúsfólkið að fara í ferðalag um landið með þá sýningu.



Arnaldur Björnsson stofnar verkalýðsfélag á Óseyri við Axarfjörð. (Ljósmynd. Jóhann Sigurðsson).

SALKA VALKA í Iðnó

Í kvöld er SALKA VALKA — leikgerð Stefáns Baldurssonar og Þorsteins Gunnarssonar á samnefndri sögu Halldórs Kiljan Laxness — á fjölunum í Iðnó. Segja má, að þetta sé afmælisýning, því með svið-


setningu þessa verks vill Leikfélag Reykjavíkur heiðra höfundinn á áttæðisafmælinu. Það skal tekið fram, að uppselt er á sýninguna í kvöld. Næsta sýning verður á sunnudagskvöldið.

tónlist

Fjölskyldu-sýning á Sígauna-baróninum

Sérstök fjölskyldusýning verður á „Sígauna-baróninum“ eftir Jóhann Strauss í dag, sumardaginn fyrsta. Hefst sýningin klukkan fimm, en hún er til komin vegna mikillar eftirspurnar um eftirmiddags-sýningu.

„Sígauna-baróninn“ hefur nú verið sýndur 40 sinnum og nær alltaf fyrir fullu húsi. Með



helstu hlutverk í sýningunni fara Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Garðar Cortes, Anna Júlíana Sveinsdóttir og Halldór Vilhelmsson. Hljómsveitarstjóri

er Páll P. Pálsson og Kór íslensku óperunnar gegnir miklu hlutverki. Þórhildur Þorleifsdóttir leikstýrði verkinu.

hljómlist



Anna Guðný og Freyr í Norræna


Í kvöld (22. apríl) halda Freyr Sigurjónsson og Anna Guðný Guðmundsdóttir, tónleika í Norræna húsinu kl. 20.30.

Anna Guðný og Freyr luku prófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og héldu að því loknu bæði til frekara náms í Bretlandi. Anna Guðný nam pianóleik við Guildhall School of Music and Drama í London og Freyr nam flautuleik við Royal Northern College of Music í Manchester.

A efnisskránni eru verk eftir tónskáldin Couperin, Pixis, Widor, Martinu og Jolivet.



myndlist



Listamaðurinn við verk sitt: „Tíminn er eins og vatnið“, en það er málað við stef úr „Tímanum og vatninu“ eftir Stein Steinarr.

Gísli Sigurðsson á Kjarvalsstöðum:

„Myndir úr ljóðheimi“

Svo heitir sýning sem Gísli Sigurðsson opnar í dag, sumardaginn fyrsta, að Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Þar sækir Gísli fanga í 60 ljóð og malar þær stemningar, sem honum virðist búa í ljóðunum.

Gísli segir svo í sýningarskrá: „Yfirbragð sýningar af þessu tagi fer að nokkru leyti eftir því, hvar leitað er fanga. Þegar grant er skoðað verður að telja

að hér hafi öllu fremur verið leitað fanga í þeim ljóðum, sem gætu talist af rómantískum toga spunnin. Þó er víða farið út fyrir þann ramma. En hvers eðlis, sem sá kveðskapur er, og þau föng, sem þar er að hafa, hef ég reynt að túlka á frjálsglegan hátt innsta kjarnann eins og hann kemur mér fyrir sjónir.“

Sýning Gísla Sigurðssonar stendur yfir til 10. maí.

myndlist

Tíbrá á Borginni

Hljómsveitin Tíbrá frá Akranesi bregður sér í bæinn á sumardaginn fyrsta og heldur tónleika á Hótel Borg þá um kvöldið.

Í tilleggi frá hljómsveitar-meðlimum kemur fram, að hljómsveitin muni bera á borð fyrir áheyrendur tónlist sem er á margan hátt rokkúð en samt sem áður blönduð nýrri tónlistarstefnum.

Hljómsveitina Tíbrá skipa þeir Finnur Jóhannsson, Eðvarð Lárusson, Flosi Einarsson, Valgerir Skagfjörð, Jakob Garðarsson og Eiríkur Guðmundsson.

Auk þeirra mun Hjörtur Geirsson leika á gítar og syngja. Tónleikarnir standa til kl. 00.01.

Arnesingakórinn

Arnesingakórinn í Reykjavík verður í söngferðalagi þessa helgi og þá næstu, en hann hefur starfað af krafti í vetur undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar.

Fyrri tónleikarnir verða í félagsheimilinu Logalandi í Borgarfirði föstudagskvöld kl. 21. Hinir síðari verða laugardaginn 24. apríl kl. 21 í Dalabúð í Búðardal. Efnisskrá er fjölbreytt og má nefna þjóðlög frá ýmsum löndum og lög eftir Arnesinga, m.a. nýlegt verk eftir Sigurð Agústsson, Jörfagleði, við ljóð Davíðs Stefánssonar. Þykir kórnum vel við hæfi að flytja það Dalamönnum, sem einir landsmanna halda þeirri gleði til haga.

Eftir tónleikana í Dalabúð mun kórinn standa fyrir dansleik. Þar leikur fyrir dansi tríó Hreiðars Guðjónssonar blandaða dansmúsík.

ýmislegt

Kaffiveitingar og Hlégarðsför Fáks

Ýmislegt er framundan hjá Hestamannafélaginu Fákí. En það, sem allra næst er á dagskrá eru kaffiveitingar í Fákshéimilinu í dag, (sumardaginn fyrsta), fyrir það fólk, sem gegnt hefur stjórnarstörfum í félaginu á 60 ára ferli þess og enn er hérna megin landamæruna. Og þó að ýmsir hinna eldri forvígismanna félagsins séu nú fallnir frá ásamt gæðingum sínum, mun það þó trúlega verða álitlegur hópur, sem mætir í Fákshéimilinu í dag.

Næstkomandi laugardag munu svo Fáksmenn fjólvíðanna upp í Hlégarð og auðvitað á hestum. Þar verða flutt skemmtiatriði ýmiss konar en síðan ríðið til borgarinnar aftur. Um kvöldið heldur svo Fákur dansleik í Hlégarði og verða bílar til reiðu að flytja Fákshéimilinu og gesti þeirra að heiman og heim.

— mhg